

Viðmiðunarreglur Námsleyfasjóðs um laun í námsleyfi

Sveitarfélög greiða námsleyfishöfum laun og fá þau endurgreidd frá Námsleyfasjóði á mánaðar fresti (eftir á).

Laun í námsleyfi miðast við starfsheiti og starfshlutfall námsleyfishafa næsta skólaár áður en námsleyfi hefst eða meðalstarfshlutfall síðustu þriggja ára ef það er hærra.

Laun námsleyfishafa fylgja þeim launahækkunum sem kveðið er á um í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands v/FG og SÍ.

Hækkun launa í námsleyfi vegna menntunar sem námsleyfishafi aflar sér í námsleyfi kemur ekki til framkvæmdar fyrr en námsleyfi lýkur.

Í námsleyfi fá kennarar og náms- og starfsráðgjafar greidd grunnlaun skv. gr. 1.3.1 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands v/FG og raðast þeir eins og þeir röðuðust skólaárið fyrir töku námsleyfis. Til viðbótar greiðast launaflokkar vegna viðbótarmenntunar, skv. greinum 1.3.2.1 eða 1.3.2.2 (bundið við val kennara vegna mats á viðbótarmenntun) og vegna starfsþróunar og símenntunar (gr. 10.3).

Stjórnendur í námsleyfi fá greidd laun í samræmi við nemendafjölda þeirra skóla eða deilda sem þeir stýra og er þá miðað við nemendur eins og þeir voru flestir meðan viðkomandi gegndi stöðunni fram að töku námsleyfis sbr. gr. 1.3.2 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands v/SÍ. Stjórnendur sem skólaárið fyrir töku námsleyfis fengu greitt vegna sérdeilda eða móttökudeilda fyrir nýbúa (gr. 1.3.3), vegna útibús/starfsstöðvar frá skóla (gr. 1.3.4), vegna lengdrar viðveru (gr. 1.3.5) og/eða vegna samrekins skóla, sbr. samkomulag samningsaðila frá 20. ágúst 2009 (gr. 1.3.8), halda þeim greiðslum meðan á námsleyfi stendur. Til viðbótar greiðist persónuálag vegna prófa (gr. 1.3.6) og launaflokkar vegna stjórnunarreynslu (gr. 1.3.7).

Laun starfsmanna skólaskrifstofa eru greidd skv. gr. 1.4.2 eða 1.4.3. Laun taka mið af launatöflu skv. gr. 1.4.1. Til viðbótar greiðast launaflokkar vegna menntunar og starfsferils skv. gr. 1.4.2 eða skv. gr. 1.4.3 og er þá menntun metin til persónuálags skv. gr. 1.4.3.1 og starfsreynsla til launaflokka skv. gr. 1.4.3.2.